

10. fundur framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Austurvegi 56, Selfossi, 9. apríl 2008 kl. 14:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Elliði Vignisson, Hörður Sigurðsson, Jóna Sigurbjartsdóttir og Berglind Hallgrímsdóttir. Einnig mættu starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands: Sædís Íva Elíasdóttir og Steingerður Hreinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Snorri Finnlaugsson boðaði forföll

1. Setning fundar. Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

2. Staða verkefna VSSV:

Starfsfólk Atvinnuþróunarfélags Suðurlands kynnti núverandi fjárhags- og verkefnastöðu VSSV. 16 verkefni hafa verið styrkt, fimm umsóknum hefur verið hafnað. Fjöldi umsókna er í vinnslu. Samtals hefur verið úthlutað tæpum 44 mkr. í formi fjármagns.

3. Verkefni til afgreiðslu:

1. Rúnturinn um Rangárþing: Verkefnið er samstarfsvettvangur þjónustuaðila í Rangárþingi þar sem ákveðið hefur verið að hanna heimasíðu sem nýtist fyrir viðburði í hérðinu s.s. Landsmót hestamanna, Landbúnaðarsýningu o.fl. Tilgangurinn er að bæta aðgengi ferðamanna að upplýsingum. Framkvæmdaráð samþykkir að styrkja verkefnið að upphæð 1.000.000 en leggur til að það sé vistað beint undir síðunni www.south.is

2. Safnaklasi Suðurlands – viðbótarframlag: Óskað er eftir viðbótarframlagi til verkefnisins sem þegar hefur fengið fjármagn úr VSSV. Ástæða þess að viðbótarframlags er þörf er hve vel hefur gengið, verkefnið hefur farið fram úr björtustu vonum og þ.a.l. kostað mun meira en gert var ráð fyrir í upphafi. Viðbótarframlagið kr. 500.000.- er samþykkt.

3. Matarklasi – Local Food: Verkefnið er samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila og framreiðsluaðila með það markmið að kynna og markaðssetja svæðisbundna matarmenningu. Samþykkt að styrkja matarklasa með 1.750.000 þúsund með því skilyrði að lagt verði fram aðgerðaplan.

4. Safnaklasi Suðurlands

Samstarf Safnaklasa Suðurlands styrkt um 1. milljón króna til þess að styrkja ferðaþjónustu á svæðinu og vera kynning fyrir Suðurland og sameiginlegt markaðsstarf á landsvísu.

4. Ársskýrsla:

Verið er að vinna að ársskýrslu fyrir fyrsta rekstrarár VSSV. Endurskoðandi er að ljúka gerð ársreiknings.

5. Kynning á VSSV í Iðnaðarráðuneyti:

Gerð var grein fyrir því að Iðnaðarráðuneytið hefur boðið Steingerði að koma og vera með kynningu á starfsmannafundi hjá þeim á næstu dögum.

6. Önnur mál:

1. Næsti fundur framkvæmdaráðs

Samþykkt að næsti fundur Framkvæmdaráðs verði haldinn 30. apríl nk.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00

Friðrik Pálsson

Elliði Vignisson

Berglind Hallgrímsdóttir

Hörður Sigurgestsson

Jóna Sigurbjartsdóttir

Sædís Íva Elíasdóttir

Steingerður Hreinsdóttir